

Sp. 416. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Jónas Árnason,
Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar, kanna viðhorf og áhuga heimamanna viðs vegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heima- aðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkvæmt þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar tillögu skal ríkisstjórnin gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd hennar.

Greinargerð.

Það er vart þörf á að rekja byggðapróun á Íslandi og þann mikla fólksflóttu úr sveitunum síðustu áratugi, sem hefur sett mark sitt á alla þjóðlífspróun okkar.

Þrátt fyrir allan andróður misviturra manna er öllum þorra þjóðarinnar ljós sú höfuðnaðsyn sem felst í blómlegum landbúnaði, sem geri hvort tveggja í senn, að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir þá hollu og góðu fæðu, sem landbúnaðarafurðir okkar eru, og leggja til mikilvægt og dýrmætt hráefni til iðnaðar, sem veitir miklum fjölda atvinnu og eykur stórum útflutningsverðmæti okkar.

En búsetu í sveitum þarf að tryggja sem best, og skapa þarf því fólki, sem þar býr, fjölbreyttari möguleika en nú er varðandi atvinnu, þó tímabundin væri eða aðeins að hluta unnin, eða beina þjónustu varðandi landbúnaðinn sjálfan eða úrvinnslu honum tengda.

Hin mikla vélanotkun í sveitum kallar á nærtæka og tryggja þjónustu á annatímum og hana er víða að finna, þó hún hafi í engu verið styrkt svo sem skyldi og sé enn mjög ófullkomin og hvergi nærri slík sem hún þyrfti að vera.

Íslenska ullin og gærunnar eru að verða sífellt stærri og verðmeiri þáttur í þjóðarframleiðslu og atvinnuþróun okkar og er það vel.

En leiðir þyrfti að finna að því marki, að sveitafólkið sjálft gæti þar í auknum mæli komið inn í vinnsluna með einhverjum hætti, jafnvel svo að þeir, sem þar byggja, gætu haft þar af aðalatvinnu. Ein saumastofa mun nú rekin í sveit á landi hér og ekki annað vitað en að það hafi gefið góða raun.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það eðlilegast, enda á það sér lagastoð, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé réttur aðili jafnt til athugunar og samráðs við heimamenn sem áætlunargerðar í framhaldi af því, og yrði þar um verkefni byggðadeildar stofnunarinnar að ræða. Hins vegar væri það svo lánadeildarinnar að sjá um fjármagnshliðina, svo sem tillagan gerir ráð fyrir.

Þar sem reikna má með ýmsum byrjunarörðugleikum í aðgerðum sem þessum, telja flm. rétt að stuðla að því, að bein, óafturkræf framlög verði veitt allt að 15% stofnkostnaðar, hvort sem um yrði að ræða framlög úr Bygðasjóði eða ríkissjóði, til stuðnings ýmiss konar smáíðnaði í sveitum, sem tiltækt þætti að koma þar upp. Hér er í raun við það miðað, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé hinn rétti frumkvæðisaðili í málinu og veiti virka aðstoð við allar aðgerðir, enda má segja að það sé lagaleg skylda stofnunarinnar.

Það er skoðun flutningsmanna, að hér ættu framleiðslusamvinnufélög mjög að koma inn í myndina sem æskilegur aðili til að standa fyrir framkvæmdum af því tagi, sem þessi tillaga lýtur að og heppilegastar þættu til atvinnuauka í hinum einstöku sveitum. Þessi félög hafa nú fengið sína staðfestingu í lögum um samvinnufélög, og svo ríkjandi sem samvinna og samhjálp er í sveitum landsins, þá ætti hér að vera umi að ræða eðlilegasta form atvinnurekstrar, sem flm. telja að ætti nokkurs forgangs að njóta. Þetta ákvæði er einnig sett inn sem frekari hvati að því, að menn tækju höndum saman í heilbrigðri og virkri samvinnu, í stað þess að einkaaðilar stæðu hér að, þó flm. vilji á engan hátt útiloka það, enda sums staðar e. t. v. eina leiðin.

Fyrsti flm. hefur fengið nokkur bréf á þessu og s. l. ári, þar sem bent er á nauðsyn þess átaks, sem hér er lagt til, og á ýmsar leiðir bent í því sambandi, sem vikið verður að í framsögu. En ljóst er, að hér er ekki um auðleyst verkefni að ræða og um sumt vandséð, hvernig áttak megi gera, sem í einhverju dugi.

Í þessum bréfum hefur verið vikið að öldruðu fólki sérstaklega, sem vart hefur vinnuþrek til að stunda svo erfiða vinnu sem búskapur er, en skortir verkefni við hæfi, verkefni sem gætu komið í veg fyrir búferlaflutninga og þá á elliheimili í þéttbýli, þar sem sama vandamálið gildir varðandi atvinnumöguleika aldraðs fólks, sem þarf á vissri vinnu að halda, án þess að mögulegt sé eða rétt, að það sé úti á hinum almenna vinnumarkaði. Er hér vitnað í samþykkt Alþingis frá 1975 sem þingmenn Alþýðubandalagsins fengu samþykkt og var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.“

Í nokkur bréf skal hér vitnað, en þar segir:

„Það er ekki vansalaust, hve öll þjónusta er sótt í þéttbýlið, jafnvel nauðsynlegustu viðgerðir. Bein þjónusta við sveitirnar heim í sveitirnar mundi styrkja búsetuna og ætti að vera krafa okkar sveitafólks. En þar vantar leiðir og ráð.“

Í öðru bréfi segir: „Ég hef lengi hugleitt leiðir að því marki, að við tækjum virkari þátt í úrvinnslu afurða okkar en nú er. Við björgum því á haustin, að unnt sé að slátra búfé okkar, en síðan ekki söguna meir. Hér þyrfti að verða breyting á.“

Í þriðja bréfi segir: „Hvað um þá öldruðu í sveitinni? Satt er það, að þeir vinna lengi ýmis bústörf, en aukin vélanotkun breytir þar miklu.“

En þeirra vandamál er ekki minna í raun en annarra aldraðra, sem verða að hverfa af almennum vinnumarkaði löngu áður en hæfilegt og sæmilegt er, af því að til þeirra eru gerðar sömu kröfur og annarra. Má ekki finna einhverja leið til lausnar atvinnuvanda aldraðra í sveitum, svo gamla fólkið megi dvelja heima sem lengst?

Allt þetta hefur vakið okkur til umhugsunar um þetta mál.

Segja má, að hér sé um eitt af verkefnum Byggðasjóðs að ræða, svo sem fyrr hefur verið að vikið, og vissulega hefur Byggðasjóður komið hér inn í nú þegar, þar sem að þessu hefur best verið unnið, svo sem vélaverkstæðum og eins varðandi þá einu saumastofu í sveit, sem starfandi er.

En ljóst er, að hér þarf skipulegt aukaátak að gera, ekki má að neinu rasa um ráð fram, en vinna markvisst að heildaráætlun, sem þeir gætu á byggt, sem áhuga og þörf hefðu fyrir séraðgerðir af þessu tagi.

Því er tillaga þessi flutt.